

Tilmæli 7/2017

Fyrri skjalsnúmer	A 1708/hállbart
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin
Fylgiskjal/-skjöl	A 1700/hállbart: Nefndarálit um þingmannatillögu um að draga úr plastúrgangi á Norðurlöndum

Aðgerðir til að draga úr plastúrgangi á Norðurlöndum

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 27. júní 2017 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún geri úttekt á því hvernig Norðurlöndin innleiða tilskipun ESB um að draga úr notkun á þunnum burðarpokum úr plasti, og kanni jafnframt hvaða landsbundnar og staðbundnar aðgerðir hafa borið mestan árangur;

að hún kanni reynslu af banni við plastpokum í löndum sem hafa innleitt einhvers konar bann;

að hún þrói, í samstarfi við skilagjaldaþyrirtæki í einu eða fleiri norrænum löndum, eina eða fleiri staðbundnar tilraunir með skilagjöld eða önnur hagræn tæki til að efla söfnun plastúrgangs, og veiti hún fé til þessa í fjárhagsáætlun.

Kaupmannahöfn, 3. júlí 2017

Britt Lundberg

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs